

Nd.

788. Breytingartillögur

[282. mal]

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GPG).

1. Við 30. gr. Í stað „10%“ í síðari mgr. greinarinnar komi: 12%.
2. Við 67. gr. Í stað orðanna „skal barn ekki njóta persónuafsláttar“ í 3. mgr. komi orðin: skal barn hvorki njóta persónuafsláttar né viðauka við persónuafslátt.
3. Aftan við 68. gr. komi ný málsgrein, 3. mgr., er orðist svo:

Frá útreiknuðum tekjuskatti skv. 2. mgr. skal draga sérstakan viðauka við persónuafslátt, er nemi 50 000 kr. hjá hverjum manni. Óráðstafaður viðauki við persónuafslátt fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan viðauka við persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti viðaukans dragast frá reiknuðum skatti hins makans.

4. Við ákvæði til bráðabirgða IV bætast tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Þá skal á árinu 1979 mynda sérstakan stofn að mótvirðisreikningi fyrninga, sbr. 44. gr. Skal mótvirðisreikningsstofninn myndaður á þann hátt, að fyrir hvert ár frá og með árinu 1973 skal reikna mismun á heildarskuldum skattaðila í ársbyrjun og eignum hans tengdum atvinnurekstri öðrum en fyrnanlegum eignum á sama hátt og mælt er fyrir um í 44. gr. Af mismun þessum skal síðan reikna hlutfall, sem nemur hækkun byggingarvísitölu milli viðkomandi árs og ársins á undan, og færa þá fjárhæð, sem þannig fæst, í stofn mótvirðisreiknings fyrninga.

Þegar stofn að mótvirðisreikningi fyrninga hefur samkvæmt framansögðu verið reiknaður fyrir hvert ár skal lækka hann um 15%, en síðan hækka þá fjárhæð, sem eftir stendur, í hlutfalli við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar til næsta árs og leggja framlag næsta árs, reiknað samkv. síðustu málsgrein við þannig framreiknaða upphæð, og þannig koll af kalli, fyrir hvert ár fram til ársins 1979. Þannig fengin heildarfjárhæð skal vera stofnfjárhæð í mótvirðisreikningi fyrninga í byrjun ársins 1979 og um hana fer síðan að ákvæðum 44. og 45. gr.